


GeoGebra, ýmis hagnýt atriði



Pegar smellt er á litlu örina opnast flettilisti með fleiri tækjum

Skjá hjálp

Algebrugluggi

Rúmfræðigluggi

Inntaksreitir

Flettilisti með skipunum


Ýmislegt sem er gott að kunna:

Opna forrit: með því að smella á GeoGebra tákn eða velja GeoGebra undir Programs.

Taka burt ása: hægri smella á teikniborð (rúmfræðiglugga) og taka burt hak við *ásar*. Eða fara í *skoða*, þar er líka hægt að taka burt inntaksreit ofl.


Taka burt algebruglugga: smella á x efst til hægri í honum eða fara í *skoða* og haka af.

Setja inn töflureikni: fara í *skoða* og haka við *töflureiknir*.

Teikna punkt: velja punkt  úr tækjastiku efst í glugga smella því næst á teikniborð.

Skilgreina fall: slá inn $f(x) = \dots$ í inntaksreit neðst til hægri.




Diffra, heilda, finna útgildi... Skipanalisti neðst til hægri.



Færa hluti: velja  og halda svo niðri mús yfir hlut og draga.



Breyta eiginleikum hlutar: hægri smella á hlut og velja *eiginleikar*.

Hætta við aðgerð: velja  lengst til hægri í tækjastiku.


Skoða lista yfir það sem hefur verið gert: velja *verklýsing myndsmíðar* undir *Skoða*. Nota *borði fyrir skref í myndsmíð* til að fara aftur gegnum það sem var gert.

Færa teikniborð til og þysja: velja  og halda svo mús niðri á teikniborði og draga. Einnig hægt að nota þetta tæki til að teygja úr ásum ef mús er haldið á þeim. Velja  eða  til að þysja.

Stroka hluti út: velja strokleður  í fellilista undir . Smella svo á hlut til að eyða honum.

Að setja skýringartexta á mynd: velja  í fellilista undir  og smella svo á teikniborð.

Eftir að texti hefur verið settur inn má færa hann með .

Hjálp: Þegar tæki hefur verið valið t.d.  koma fram upplýsingar hægra megin við tækjastiku sem segja hvað gera þarf til að fá fram umbeðin hlut.

Um Skrá – Breyta – Skoða efst í glugga

Skrá: Ef valið er *Vista* úr fellilista verður til skrá með endinguna .ggb. Skrána er hægt að opna síðar til að halda áfram að vinna í GeoGebra. Ef valið er *flytja út* fást ýmsir möguleikar: búa til html skrá, vista teikniborð sem png (hentar vel til að setja inn í Word skjöl) eða afrita teikniborð á klemmuspjald og setja svo beint inn í annað skjal.

Skoða: með því að velja *grind* fæst rúðustrikaður gluggi. Einnig er þarna hægt að velja *Verklýsing myndsmíðar* til að skoða hvað maður gerði og í hvaða röð. Síðan er hægt að láta forritið endurtaka allt sem maður hefur gert með því að velja *Borði fyrir myndsmíð* og nota pílutakka neðst í glugganum sem opnaðist. Undir *Skoða* er líka hægt að taka burt ása, algebruglugga ofl.

Valkostir: ýmsar stillingar, t.d. hvernig punktar líti út, hversu marga aukastafi eigi að nota osfrv. Hér er hægt að stilla stærð teikniborðs, velja tungumál ofl.

Hjálp: hér er bæði um að ræða help inni í forriti og tengingu á vefsíður sem ýmsu efni.

Heimasíða GeoGebra: hér er ýmislegt að finna. Ég mæli sérstaklega með

<http://www.geogebra.org/en/wiki/index.php/English> og

http://www.geogebra.org/en/wiki/index.php/GeoGebra_Know_How

Niðurhal og heimasíða GeoGebra, <http://www.geogebra.org>.

Hér stendur Icelandic en síðan hefur ekki verið þýdd á íslensku enn.

Niðurhal: einfaldast að smella á Webstart og svo aftur á Webstart þegar ný síða opnast.

Hjálparefni
Sýnidæmi

Á GeoGebraWiki er að finna ókeypis kennslufni á ýmsum tungumálum. Mest af því er að finna undir *English*.

Umráðþræðir um notkun GeoGebra

